



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

541. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, þriðjudaginn 5. júlí 2022
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Arnar Jónsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. BS Flýti- og umferðargjöld -Samgöngusáttmálinn - 2110004

Þorsteinn R. Hermannsson forstöðumaður þróunar hjá Betri samgöngum ohf.kynnir helstu sjónarmið og aðferðafræði varðandi mögulega álagningu flýti- og umferðargjalda sem hluta af framlagi ríkisins til fjármögnunar verkefna Samgöngusáttmála.

Gestir

Þorsteinn R. Hermannsson

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

2. Starfshópur um umbætur á húsnæðismarkaði - 2205010

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri kynnti þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins þar sem kemur fram talning á fjölda íbúða í samþykktu skipulagi sveitarfélaganna. Þá er fyrirbyggjandi skýrsla með niðurstöðum og tillögum starfshóps um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði, dags. 19. maí 2022, ásamt kynningarglærum um tillögur hópsins. Anna Guðmunda Ingvarsdóttir formaður starfshópsins og aðstoðarforstjóri Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, ásamt Hermann Jónassyni forstjóra Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, kynnti skýrsluna og þær tillögur til úrbóta sem settar eru fram. Var m.a. fjallað um tillögu um rammisamkomulag ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu 35.000 íbúða næstu 10 ár þar sveitarfélög tryggja lóðafraðboð til að byggja 4.000 íbúðir árlega á næstu fimm árum og 3.500 íbúðir árlega næstu fimm ár þar á eftir til að mæta áætlaðri þörf fyrir íbúðarhúsnæði. Þá var einnig fjallað um tillögur um breytta verkferla, bættu upplýsingagjöf til að tryggja rauntímaupplýsingar um stöðu uppbyggingar og þörf á lagabreytingum til að tryggja betra jafnvægi á markaði.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Anna Guðmunda Ingvarsdóttir

Hermann Jónasson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

3. Nýjar rannsóknarborholur í Bláfjöllum - 2107002

Málið var tekið fyrir á 540. fundi stjórnar SSH hinn 5. júlí sl. en afgreiðslu þess frestað.

Fyrirliggjandi eru minnisblað SSH f.h. Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu vegna ofangreinds og minnisblað Mannvits dags. 9. júní 2022 til kynningar á þessu máli ásamt frekari bakgrunnsgögnum.

Stefnt er að því að hefja útboð í júlí, með fyrirvara um að leyfi verði veitt frá Umhverfisstofnun.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að hafið verði útboð vegna borunar nýrra rannsóknarborhola í Bláfjöllum, að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Framangreint verði sent sveitarfélögunum og fjármálastjórum þeirra til kynningar.

4. Gönguskíði - uppbygging aðstöðu - 2104007

Framhald umræðu 530. fundar stjórnar SSH um útboð vegna salernishúss á Bláfjallasvæðinu. Fyrirliggjandi er minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur dags. 1. júlí 2022, um ferli málsins auk minnisblaða um yfirferð tilboða.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að gengið verði að fyrirliggjandi tilboði lægstbjóðanda, Terra eininga ehf. vegna salernishúss á Bláfjallasvæðinu, í útboði 15445, en tilboðið er að fjárhæð 24.997.368 kr.

5. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Ársfundur Fjölsmiðjunnar fór fram miðvikudaginn 29. júní sl. og í tengslum við hann var óskað tilnefninga til stjórnar SSH. Tillaga um óbreytta tilnefningu, þ.e. Pál Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóra SSH sem aðalmann og Hildigunni Hafsteinsdóttur lögfræðing SSH til vara, var send stjórn með tölvupósti dags. 20. júní 2022. Var tillagan samþykkt og ofangreind því skipuð í stjórn Fjölsmiðjunnar.

Niðurstaða:

Samþykkt

6. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 25. fundar Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu dags. 29. júní 2022.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

7. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fyrirliggjandi til kynningar eru fundargerðir verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 23. júní 2022 og 4. júlí 2022.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

8. Önnur mál - 2110011

Niðurstaða:

Borgarstjóri vekur máls á nýútkominni skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Stjórn telur nauðsyn á aukinni umræðu og kynningu á efni skýrslunnar. Ákveðið að kynningarfundur fyrir kjörna fulltrúa um þjónustu við fatlað fólk og fjármögnun málaflokksins verði haldinn á vettvangi SSH föstudaginn 12. ágúst nk. þar sem m.a. fari fram kynning á skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn föstudaginn 12. ágúst nk. kl. 9:30.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:15.